

Allar skattskyldar tekjur eru notaðar við útreikning á lífeyri og tengdum greiðslum, svo sem atvinnutekjur, lífeyrissjóðstekjur og fjármagnstekjur.

Helmingur fjármagnstekna hjóna / sambúðarfólks hefur áhrif á útreikning hjá hvoru fyrir sig. Aðrar tekjur maka en fjármagnstekjur hafa ekki áhrif á útreikning lífeyris.

Auðvelt er að setja forsendur inn í **reiknivél lífeyris á tr.is** til að skoða áhrif tekna á greiðslur.

Tafla 1. Hvað má hafa í tekjur án þess að það hafi áhrif á útreikning?

Taflan sýnir frítekjumörk árstekna	
Tegund tekna	Tekjutrygging og heimilisuppbót
Atvinnutekjur	1.315.200
Lífeyrissjóðstekjur	328.800
Fjármagnstekjur, t.d. vextir, verðbætur, sóluhagnaður og leigutekjur	98.640

Lífeyrissjóðstekjur hafa ekki áhrif á grunnlífeyri almannatrygginga.

Aðeins þeir sem fá greiddan lífeyri geta fengið greidda tekjutryggingu, heimilisuppbót og aðrar uppbætur.

Búseta erlendis getur lækkað greiðslur lífeyris og tengdra bóta.

Tafla 2. Helstu upphæðir sem notaðar eru þegar lífeyrir og tengdar greiðslur eru reiknaðar.

Réttindi	Upphæðir		Frítekjumörk		Greiðslur falla niður	
	mán.	ár	mán.	ár	mán.	ár
Örorku-/endurhæfingarlífeyrir						
Örorku- og endurhæfingarlífeyrir /grunnlífeyrir	46.481	557.772	214.602	2.575.220	400.526	4.806.308
Aldurstengd örorkuuppbót 100%	46.481	557.772	214.602	2.575.220	400.526	4.806.308
Tekjutrygging	148.848	1.786.176	Sjá töflu 1	Sjá töflu 1	388.130	4.657.565
Heimilisuppbót	50.312	603.744	Sjá töflu 1	Sjá töflu 1	388.130	4.657.565
Annað	mán.	ár	mán.	ár	mán.	ár
Framfærsluviðmið ^{*1} býr ekki einn	247.183					
Framfærsluviðmið ^{*1} býr einn með heimilisuppbót	310.800					
Örorkustyrkur (16 til 61 árs)	34.362	412.344	214.602	2.575.220	397.866	4.774.388
Örorkustyrkur (62 til 66 ára)	46.481	557.772	214.602	2.575.220	400.526	4.806.308
Uppbót á lífeyri ^{*2} - 5 til 140% af lífeyri					244.132	2.929.580
Uppbót v/reksturs bifreiðar	17.180	206.160			400.526	4.806.308
Ráðstöfunarfé	74.477	893.724	0	0	114.580	1.374.960

Hlutfall frádráttar eftir að frítekjumörkum er náð er mismunandi eftir greiðslutegundum, sbr. **töflu 3**.

Tafla 3. Tegundir lífeyris	Frádráttur
Örorku- og endurhæfingarlífeyrir (lífeyrir)	25%
Aldurstengd örorkuuppbót er fast hlutfall af örorkulífeyri og miðast við aldur við fyrsta örorkumat	25%
Tekjutrygging: Viðmiðunartekjur lífeyris upp að 2.575.220 kr.	38.35%
Tekjutrygging: Viðmiðunartekjur lífeyris yfir 2.575.220 kr.	13.35%
Heimilisuppbót örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega	12.96%
Ráðstöfunarfé	65%

^{*1} **Framfærsluviðmið (Sérstök uppbót til framfærslu):** Ef allar tekjur, að meðtöldum skattskyldum tekjum frá Tryggingastofnun, eru undir framfærsluviðmiði er það sem upp á vantar greitt sem sérstök uppbót til framfærslu. Uppbót á lífeyri^{*2} hefur ekki áhrif á sérstaka uppbót til framfærslu.

^{*2} **Uppbót á lífeyri** getur verið 5 til 140% af lífeyri. Allar tekjur, að meðtöldum skattskyldum tekjum frá Tryggingastofnun öðrum en aldurstengdri örorkuuppbót, hafa áhrif á útreikning.

Uppbætur falla niður ef eignir í peningum og/eða verðbréfum fara yfir 4 milljónir hjá einstaklingi en 8 milljónir hjá hjónum.